

|   |   |              |     |
|---|---|--------------|-----|
| Þar af eru útdregin til innlausnar 1905 . . . . .         | — | 53,500 00    | 158 |
| Veðskuldabryjef veðdeildarinnar voru 30. sept. 1904 . . . | — | 1,908,899 31 |     |

Reykjavík, 28. nóvbr. 1904

Stjórn Landsbankans

*Tryggvi Gunnarsson.*

*Eiríkur Briem.*

*Kristján Jónsson.*

## Reglugjörð

159

um framkvæmd landsbankans á störfum landfógeta.

### 1. gr.

Samkvæmt tilskipun 23. ágúst 1904, skal landsbankinn taka að sjer störf þau, er landfógeti hingað til hefir haft á hendi bæði að því er snertir móttöku á tekjum landssjóðs og greiðslu á gjöldum hans, innheimtu á tekjum viðlagasjóðs og greiðslu fjár úr honum, greiðslu fyrir aðalríkissjóð og móttöku fjár fyrir hann, þegar svo á stendur innheimtu á gjöldum fyrir lífsábyrgðarstofnun ríkisins og greiðslur fyrir hana, og að öllu öðru leyti.

Að því er afgreiðslu þessara starfa fyrir almenning snertir, skal bankinn hafa opið frá kl. 10—2 og frá 5—6 hvern virkan dag. Fyrstu 3 daga í hverjum mánuði hefir hann auk þess opið frá kl. 6—7 síðdegis.

### 2. gr.

Fje landssjóðs skal haldið aðskildu frá starfstje bankans. Það fje, er nauðsynlegt er til að standast dagleg útgjöld landssjóðs, hefir bankinn umráð yfir og ábyrgist. Verðbrjef landssjóðs og það fje, er ekki þarf á að halda við daglega afgreiðslu, skal, að svo miklu leyti sem það ekki er ávaxtað, geymt í sjerstakri fjehirslu, og skal læsingin vera þannig gjörð, að henni verði ekki lokið upp nema með 2 lykllum, sem ekki eru eins. Geymir ráðherrann annan lyk- ilinn en framkvæmdarstjóri bankans hinn og verða þeir ávalt báðir að vera við þegar hún er opnuð. Þegar eitthvað er tekið úr sjóði eða í hann látið, skal það ritað í bók, er til þess er ætluð, og skulu þeir ráðherrann og bankastjórinn báð- ir rita nöfn sín undir í hvert skipti.

### 3. gr.

Að því er bókfærslu og reikningshald snertir skal sömu reglum fylgt sem fylgt hefir verið hjá landfógeta.

### 4. gr.

Öll áriðandi skjöl og bækur skal láta í eldtryggan skáp, þegar störf- um er lokið hvern dag.

Bankastjórnin skal gjöra stjórnarráðinu aðvart í hvert skipti sem yfir 50,000 krónur eru í sjóði í fjehirzlu þeirri, þar sem daglegt starfstjje landssjóðs er geymt, til þess að stjórnarráðið geti þá ráðstafað þeim á viðeigandi hátt. Vanti peninga til að standast nauðsynleg útgjöld landssjóðs gjörir landsbankinn sömu-leiðis stjórnarráðinu strax viðvart um það.

Sú deild landsbankans, er hefir störf landfógeta á hendi, kallast  
GJALDKERI LANDSSJÓÐS,  
og hefir hún rjett til að nota þjónustufrímerki.

Allar kvittanir fyrir innborgunum í bankann á landssjóðs fje eða öðru fje, er bankinn innheimtir eða veitir móttöku samkvæmt 1. gr., eru skuldbindandi fyrir bankann, ef þær eru undirskrifaðar af þeim starfsmanni bankans, er bankastjórinn hefir falið að annast störf þessi.

Í stjórnarráði Íslands, 20. desember 1904.

*H. Hafstein.*

*Eggert Briem.*

## Firma-tilkynningar.

Samkvæmt lögum 13. nóvember 1903 um verlanaskrár, firma og prókúru-umboð, hafa eptirgreind firmu verið tilkynnt til innfærslu á verlanaskrár landsins.

### I. Reykjavík.

1. Margrjet Þorbjörg Jensen í Reykjavík rekur þar verzlun, fiskiveiðar og síldveiðar með firmanafninu: »Verzlunin Godthaab«. Thor Jensen er prókúruhafi. Undirskript: pp. Verzlunin Godthaab. Thor Jensen.
2. Ásgeir Sigurðsson kaupmaður rekur verzlun í Hafnarstræti nr. 12 í Reykjavík með firmanafninu: »Verzlunin Edinborg«. Undirskript: Verzlunin Edinborg. Ásgeir Sigurðsson.
3. Christiane Frederikke Duus ekkjufnú og Ólafur Ásbjörn Ólafsson kaupmaður í Kaupmannahöfn og Reykjavík reka verzlun í Reykjavík með firmanafninu: